

Fundargerð

23. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 20. ágúst 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ svo og verkefnastjórar FRÍ undir völdum liðum Íris Berg Bryde og Hanna Margrét Hrafnkelsdóttir.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Hlaupaverkefnið

Hanna Margrét kynnti stöðu og setti fram glærur. Rætt um að starfshópurinn setti fram aðgerðaráætlun. Umræður. Vísað til frekari úrvinnslu starfshóps og verkefnastjóra.

3. Afreksmál

Afreksstjóri gerði grein fyrir fjölmörgum málum m.a. tengt keppnishaldi sumarsins þmt. landsliðs. Umræður. Von á skýrslum og samantekt vegna Evrópubikar.

4. Fjárhagsmál

Gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu og samantekt vegna árshlutauppgjörs.

Umræður. Vísað til næsta fundar.

5. Dagskrá vetrarins

Gert grein fyrir stærstu liðum í dagskrá vetrarins s.s. formannafundi, uppskeruhátíð, RIG, Frjálsíþróttapingi og norrænum fundum hér á landi. Ákveðið að framkvæmdastjóri sendi strax tölvupóst á aðildarfélög til upplýsingar um dagsetningar.

6. Reglugerðarbreyting

Stjórn tók fyrir breytingu á reglugerð nr. 21 um umsóknir vegna mótahalds. Breytingin fjallar um umsóknarfrest vegna auka- eða viðbótargreina. Stjórn samþykkti breytinguna og telur hann vera óverulega í samræmi við starfsreglur stjórnar FRÍ frá 23.04.19 með hliðsjón af heimild Frjálsíþróttapingis 2018 um reglugerðarbreytingar.

7. Önnur mál

a. Móttaka á Keflavíkurflugvelli fyrir landslið í kjölfar Evrópubikars. Formaður greindi frá.

b. Átröskun. Varaformaður gerir grein fyrir upplýsingum m.a. frá ÍSÍ.

c. Barnshafandi íþróttakonur - stuðningur. Varformaður tekur upp málið til umræðu.

d. Akureyri mótahald. Sagt frá afburða mótahaldi á Akureyri um liðna helgina. Stjórn þakkar Akureyringum fyrir metnaðinn við framkvæmd og skipulagningu.

e. Móttáforritið – Afrekaskráning. Umræður um hugbúnaðarkerfi.

f. Þjóðarleikvangur. Formaður gerir grein fyrir bréfi til borgarráðs og greindi frá skipan formanns FRÍ í vinnuhóp á vegum ÍSÍ um stöðu þjóðarleikvanga.

g. NM2021 öldunga innanhúss. Lagt fram bréf öldunganefndar. Stjórn tekur undir sjónarmið nefndarinnar um að mótið geti farið fram hér á landi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:15 með því að formaður lýsti stuttlega síðustu tuttugu morgunpistlum sínum.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.